

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *38.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 24. maí 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúar frá Landsvirkjun og Landslagi mæta til fundarins v/deiliskipulags við Kröflu.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. maí.
4. Aðalskipulag Skútustaðahrepps.
5. Verkáætlun og tilboð v/endurnýjunar á hitaveitu.
6. Aflið, styrkbeiðni.
7. Bréf frá Dúu Stefánsdóttur v/vinnuskóla.
8. Þjónustusamningur við Mývatnsstofu ehf.
9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, ósk um leyfi til lagningar ljósleiðara frá Bjarnaflagi að símstöð Helluhrauni 3.
10. Samkomulag um landbótaáætlun fyrir Skútustaðahrepp 2011-2015.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags. 8. maí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9 og 10 yrðu bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fulltrúar frá Landsvirkjun og Landslagi mæta til fundarins v/deiliskipulags við Kröflu.

Til fundarins mæta Björk Guðmundsdóttir og Kristján Einarsson frá Landsvirkjun og Finnur Kristinsson frá Landslagi, einnig Bjarni Reykjalín skipulagsfulltrúi. Finnur kynnti fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu. Svæðið afmarkast af A-hluta jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar auk þess tekur það til efnisnámu í Sandabotnum. Kynnt var verkáætlun. Áætlað er að skipulagslýsing fyrir verkefnið liggi fyrir í júní til kynningar.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. maí.

Fyrst er tekin fyrir umræða um vinnu við deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð en nefndin beindi því til sveitarstjórnar að fela skipulagsfulltrúa í samráði við sveitarstjóra að leita eftir samningum við skipulagsráðgjafa um deiliskipulagvinnuna. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að ganga til samninga við Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónsson og féлага ehf. um verkið.

Í fyrsta lið kemur fram að til fundarins hafi mætt Árni Ólafsson arkitekt og gert grein fyrir lokatillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að taka tillöguna til umfjöllunar og senda síðan Skipulagsstofnun til athugunar sbr. 30. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010.

Í öðrum lið er lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi hótelsvæðis í landi Arnarvatns, sem unnin var af Mannviti f.h. Landafélagsins. Nefndin tekur jákvætt í tillöguna en felur skipulagsfulltrúa að koma á framfæri við skipulagshöfunda ákveðnum atriðum í samræmi við umræður á fundinum.

Í þriðja lið er farið yfir verðtilboð sem bárust í lagnaefni vegna endurnýjunar á hitaveitu 2012-2014. Tilboð bárust frá Ísrör og Set. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að ganga til samninga við Set, sem átti lægra tilboðið. Jafnframt er því beint til sveitarstjórnar að ganga frá lagnastæði þannig að undirlag muni nýtast fyrir framtíðar göngustíg.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónsson og fél. um vinnu við gerð deiliskipulags af þéttbýlinu í Reykjahlíð. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

4. Aðalskipulag Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að senda fyrirleggjandi aðalskipulagstillögu til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010. sbr. fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. maí.

5. Verkáætlun og tilboð v/endurnýjunar á hitaveitu.

Fyrir fundinum liggur verkáætlun vegna endurnýjunar á hitaveitu árin 2012-2014. Í verkáætluninni er gert ráð fyrir lokuðu útboði og eftirfarandi verktökum boðin þátttaka: Jóni Inga Hinrikssyni, Þórhalli Kristjánssyni og Karli Viðari Pálssyni. Jafnframt liggur fyrir fundinum tilboð í lagnaefni vegna endurnýjunarinnar. Tvö tilboð bárust og var tilboð Sets 8,4% lægra en tilboð Ísrörs.

Sveitarstjórn samþykkir verkáætlunina og felur sveitarstjóra að senda fyrrgreindum verktökum útboðsgögn. Þá samþykkir sveitarstjórn að taka tilboði Sets í lagnaefni. Sveitarstjórn samþykkir að í lagnaskurðinn verði sett 40 mm ídráttarrör til seinni tíma notkunar og leitast verður við að ganga þannig frá lagnastæði að það geti nýst sem framtíðar göngu og hjólastígur.

6. Aflið, styrkbeiðni.

Fyrir fundinum liggur styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2012. Aflið er systursamtök Stígamóta. á Norðurlandi.
Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Bréf frá Dúu Stefánsdóttur v/vinnuskóla.

Með bréfi óskar Dúa eftir því að boðið verði uppá vinnuskóla fyrir börn í 7 bekk þ.e. fædd árið 1999, í ljósi þess að síðasta sumar hafi barn úr þeim bekk verið tekið í vinnuskólann. Jafnframt telur bréfritari að eðlilegra sé að taka inn yngri börn í vinnuskólann frekar en þau sem ekki eiga lögheimili hér.

Því er til að svara að Skútustaðahreppur hefur boðið börnum uppá vinnu í vinnuskóla frá fjórtán ára aldri, þ.e. fermingarárið. Ein undantekning hefur verið gerð á þeirri reglu. Varðandi það að börn sem ekki eiga lögheimili í Skútustaðahreppi hafa fengið vinnu í vinnuskólanum. Þá hefur í þeim tilfellum verið um að ræða að fylla laus pláss. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun ekki breyta reglum um aldursmörk og vinnutíma í vinnuskólanum.

8. Þjónustusamningur við Mývatnsstofu ehf.

Fyrir fundinum liggur þjónustusamningur við Mývatnsstofu til þriggja ára. Samningurinn kveður á um 100.000,- kr. mánaðarlegt framlag sveitarfélagsins til upplýsingamiðstöðvarinnar auk greiðslu á húsaleigu. Sveitarstjórn samþykkti samninginn óformlega með tölvupósti og staðfestir það hér með. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, ósk um leyfi til lagningar ljósleiðara frá Bjarnaflagi að sírstöð Helluhrauni 3.

Beiðni um leyfi til lagningu ljósleiðara í leigulandi Skútustaðahrepps og upp í Bjarnaflag. Auk þess sem óskað er eftir leyfi til að nota lagnir sem nú eru til staðar (gamla vatnsleiðslan) og eru í eigu hreppsins út að Gamla Bæ.

Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfið, en hafa skal samráð um lagnaleið innan leigulands hreppsins.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

10. Samkomulag um landbótaáætlun fyrir Skútustaðahrepps 2011-2015.

Fyrir fundinum liggur samkomulag um landbótaáætlun fyrir Skútustaðahrepp 2011-2015. Markmiðið með áætluninni er að beitarstýring afréttarins verði sjálfbær og að því verði unnið bæði með landbótum á afréttinum og beitarstjórnun og að stuðla að því að þeir sem nýta afréttinn til sauðfjárbætur geti notið greiðslna sbr. Lög 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum á reglugerð 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Að öðru leyti er ný landbótaáætlun samhljóða áætlun sem úr gildi er fallin.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna landbótaáætlun.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.

